


Allir starfsmenn afhenda 8 býti á dag. Býtin eru afhent fyrir jákvæða hegðun, þ.e. nemanda/nemendum sem hegða sér samkvæmt þeim væntingum sem gerðar eru á hverju svæði.

Nemenda/nemendum er alltaf sagt fyrir hvaða hegðun býtin eru gefin, hvort það er fyrir ábyrgð, virðingu eða jafnrétti.

Afhending býta er óregluleg. Nemendur fá ekki býti í hvert sinn sem þeir haga sér samkvæmt væntingum, æskilegt er þó að gefa munlegt hrós svo að öllum sé ljóst að starfsfólk tekur eftir jákvæðri hegðun.

Þumalfingurregla: Einar skammir – að minnsta kosti fjögur hrós.



### Hegðunarfrávik og afleiðingar

#### 1. stigs

##### Hegðunarfrávik:

- þras/ögrun/rifrildi
- truflar athafnir/leiki/vinnu annarra
- gengur illa um
- snerting/togar/ýtir öðrum
- annað

##### Agaferrill starfsfólks:

- leiðrétt/leyst á staðnum
- ef ekki / skráð í mentor eða á gulan miða og honum skilað til umsjónarkennara/ritara

#### 2. stigs

##### Hegðunarfrávik:

- særandi/niðrandi orðbragð
- neitar að fylgja fyrirmælum, óhlýðni
- ósannsögli/svindl
- áreiti/hrekkir/stríðni

##### Agaferrill starfsfólks:

- leiðrétt/leyst á staðnum
- ef ekki / umsjónarkennari látinn vita, skráð á mentor og/eða hringt í foreldra

#### 3. stigs

##### Hegðunarfrávik:

- ofbeldi/slagsmál/ógnandi hegðun
- skemmdarverk
- þjófnaður
- annað (vopn, eldfæri, reykingar, fíkniefni)

##### Agaferrill starfsfólks:

- Nemandi er fjarlægður úr aðstæðum, lýkur skóladegi hjá skólastjórn eða er sóttur af foreldri. Skráð á mentor.